

Reykjavík 9. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn að njóta réttinda sáttmálans óháð stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Öll börn eiga rétt á umönnun foreldra sinna og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna.

Samtökin leggja því áherslu á að ekki skuli mismuna börnum hvað varðar framfærslu og umönnun þeirra fyrstu mánuði eftir fæðingu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að lög um fæðingar- og foreldraorlof séu skýr og gegnsæ hvað varðar rétt foreldra til fæðingarorlofs og telja samtökin töluvert skorta á í þeim efnum í frumvarpinu og núverandi lögum.

Að mati Barnaheilla - Save the Children á Íslandi eru margar breytingartillögur í frumvarpinu tæknilegs eðlis og því erfitt að átta sig á hvað þær fela í sér fyrir mismunandi hópa verðandi foreldra út frá tekjum þeirra og hvort breytingarnar komi börnum til góða. Samtökin leggja áherslu á að tryggt sé að allir foreldrar njóti lágmarksframfærslu í fæðingarorlofi svo öruggt sé að öll börn fái umönnun foreldra sinna a.m.k. fyrstu níu mánuði lífsins.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að mismuna ekki börnum eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Því leggja samtökin til að í lögum um fæðingar- og foreldraorlof verði kveðið á um að öll börn eigi rétt á umönnun foreldris í níu mánuði og skuli ekki mismuna börnum hvað það varðar. Frumvarpið virðist ekki gera breytingar við núgildandi lög sem einungis gera ráð fyrir að hægt sé að framselja fæðingarorlof ef annað foreldri er látið, hafi lent í slysi eða sé haldið alvarlegum sjúkdómi og því ekki fært um að annast barn sitt. Framsalið er háð samþykki þess sem framselur sé hann fær um það af heilsufarsástæðum. Barnaheill - Save the Children á

Íslandi telja að rýmka eigi þennan rétt til framsals, s.s. þegar einungis er um eitt foreldri að ræða hver svo sem ástæða þess er.

Þau tilfinningatengsl sem myndast milli barns og foreldra þess á fyrsta ári barnsins eru grunnurinn að öðrum tilfinninga- og félagstengslum síðar á ævinni. Barn sem getur myndað góð og heilbrigð tengsl er með sterkari sjálfsmynd og mun ganga betur í leik og starfi. Því er afar mikilvægt fyrir þroska barnsins að það fái að njóta sem mestra samvista við foreldra sína eða foreldri sitt á fyrsta æviári þess. Lög um fæðingar- og foreldraorlof þurfa að taka mið af þessu.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri